

## REGLUGERÐ

### um bann við veiðum með fiskibotnvörpu í Víkuráli.

#### 1. gr.

Frá og með 14. október 2002 eru allar veiðar með fiskibotnvörpu óheimilar á svæði í Víkuráli, sem markast af línnum sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

1. 66° 04'00 N – 26° 29'00 V
2. 66° 00'00 N – 26° 26'00 V
3. 65° 49'00 N – 26° 57'00 V
4. 66° 00'00 N – 26° 50'00 V

Þrátt fyrir ofangreint bann eru veiðar heimilar frá kl. 20.00 að kvöldi til kl. 08.00 að morgni.

#### 2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt 16. gr. laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

#### 3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 9. gr. laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 11. október 2002.*

F. h. r.

**Þorsteinn Geirsson.**

*Þórður Eyþórsson.*